

Til: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Frá: Rán Tryggvadóttur, formanni höfundaréttarnefndar

dags. 2. desember

2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á höfundalögum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum, 334. mál.

Þetta frumvarp er lagt fram til að innleiða tilskipun 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum. Samhljóða frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga.

Munaðarlaus teljast þau verk sem lúta höfundavernd en ekki er vitað hverjir eru höfundar (rétthafar) verkanna eða hvar þá er að finna. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um hver fjöldi munaðarlausra verka er en ljóst að um verulegan fjölda er að ræða í ákveðnum flokkum verka. Þannig er talið að t.d. um 12% kvikmynda falli í þann hóp, áætlanir um fjölda munaðarlausra verka í rituðu máli sveiflast á milli 5% til 50% og ekki er vitað um rétthafa allt að 90% ljósmynda. Ef ekki er vitað hver rétthafi verka er eða ekki hægt að staðsetja þá, leiðir af sjálfu sér að ekki er hægt að leita leyfis til að nota þau verk. Tilgangur tilskipunarinnar og frumvarpsins er því að auðvelda menningarstofnunum að nota verk sem eru í söfnum þeirra og þannig er ástatt um. Til þess að þeim stofnunum sé heimilt að nota munaðarlaus verk þurfa þær að gera ítarlega leit að rétthöfum. Ef slík leit hefur farið fram án árangurs er viðkomandi stofnun heimilt að nota verkið, m.a. að gera eintak af því og gera það aðgengilegt almenningi, t.d. með að setja það á netið. Slík not væru stofnunum að kostnaðarlausu.

Ljóst er að þessi lagasetning getur komið þeim menningarstofnunum sem hún tekur til að gagni, sérstaklega þegar um er að ræða afmarkaðan hóp verka sem stofnunin vill nota. Jafnframt er mikilvægt að lögleiða tilskipunina hér til að stofnanir hér á landi séu jafnsettar sambærilegum stofnunum í Evrópu hvað varðar not munaðarlausra verka. Hins vegar er vert að minnast á að tilskipunin hefur verið gagnrýnd fyrir að nýtast ekki nægilega vel fyrir menningarstofnanir. Sérstaklega hefur skilyrðið um að leit skuli vera ítarleg verið þyrnir í augum margra því slík ítarleg leit er kostnaðarsöm og tímafrek og leiði því til þess að fyrirkomulagið komi ekki að tilætluðum notum fyrir menningarstofnanir þegar um er að ræða not mikils fjölda verka. Skilyrðið um ítarlega leit er hins vegar eitt af grundvallaratriðum tilskipunarinnar og ekki unnt að innleiða efni hennar án þess að lögleiða jafnframt skyldu til ítarlegrar leitar.

Norrænar nágrannapjóðir okkar hafa öll innleitt tilskipunina og því rétt að við gerum það einnig enda skuldbundin til þess. Hins vegar er í norrænum höfundarétti að finna ákvæði sem er mun auðveldara í framkvæmd fyrir menningarstofnanir sem vilja nota verk í sínum safnkosti, án tillits til hvort þau séu munaðarlaus eða ekki. Það er sérstakt samningskvaðaákvæði sem liðkar til um samninga um fjöldanot verka í söfnum. Því er í frumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu lagt til að tekið verði upp slíkt samningskvaðaákvæði fyrir söfn, sbr. 5. gr. frumvarps um breytingu á höfundalögum (endurskoðun höfundalaga, einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál. 702, sjá nánar um það í lok umfjöllunar í III. kafla 7. tl. almennra athugasemda með þessu frumvarpi (bls. 8).

Þetta frumvarp sem hér er fjallað um mun gagnast íslenskum menningarstofnunum að ákveðnu marki og því mikilvægt að það verði lögleitt sem fyrst. Jafnframt er mikilvægt fyrir þessar sömu stofnanir að samhliða frumvarp(mál. 333) sem leggur m.a. til sérstaka samningskvöð fyrir bókasöfn verði einnig lögfest svo fljótt sem verða má.